



Grunnlýsing

vegna peningamarkaðsvíxla
Byrs Sparisjóðs

Nóvember 2008

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	3
1. ÁHÆTTUÞÆTTIR	11
1.1. ÁHÆTTUÞÆTTIR TENGDIR ÚTGEFANDANUM.....	11
1.2. ÁHÆTTUÞÆTTIR TENGDIR VERÐBRÉFUNUM	15
2. ÁBYRGIR AÐILAR	16
2.1. ÚTGEFANDI	16
2.2. YFIRLÝSING ÚTGEFANDA	16
3. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR	17
4. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	17
5. SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN	18
6. HAGSMUNIR ÚTGEFANDA	18
7. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN	18
7.1. HEILDARUPPHÆÐ	18
7.2. LÝSING Á VERÐBRÉFUNUM.....	19
7.3. TEGUND VERÐBRÉFA.....	19
7.4. LÖGGJÖF	19
7.5. GJALDMØILL	20
7.6. VEXTIR.....	20
7.7. ÁVÖXTUN.....	20
7.8. FORGANGSRÖÐUN VERÐBRÉFA	20
7.9. SKRÁNING	20
7.10. RÉTTINDI TENGD VERÐBRÉFUNUM	21
7.11. VIÐSKIPTAVAKT	21
7.12. GJALDDAGAR OG GREIÐSLUR	21
8. FYRIRKOMULAG OG TAKA VERÐBRÉFA TIL VIÐSKIPTA	21
8.1. KOSTNAÐUR VIÐ FYRIRHUGAÐA TÖKU TIL VIÐSKIPTA.....	21
8.2. UMSÓKN UM TÖKU VÍXLA TIL VIÐSKIPTA	21
9. ENDANLEGIR SKILMÁLAR	22

Samantekt

Samantekt þessi er útdráttur úr grunnlýsingu þessari, dagsettri 17. nóvember 2008. Athygli fjárfesta er vakin á því að samantektina skal lesa sem kynningu á grunnlýsingunni og að ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda skal tekin á grundvelli grunnlýsingarinnar í heild sinni. Jafnframt er athygli fjárfesta vakin á því að ef farið er til dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað við þýðingu á grunnlýsingunni áður en málarekstur hefst og að einstaklingar eða lögaðilar, sem útbúið hafa samantektina og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta grunnlýsingarinnar.

Áhættuþættir

Þeir áhættuþættir sem tengjast rekstri Byrs sparisjóðs eru rekstraráhætta, útlánaáhætta, markaðsáhætta, lausafjár – og fjármögnunaráhætta, samkeppnisáhætta, stjórnunar – og starfsmannaáhætta, lagaleg áhætta, dóms og gerðardómsmál, upplýsingaáhætta, áhættumat og áhættustýring og að lokum tryggingar og ábyrgðir.


Þeir áhættuþættir sem skipta máli og tengjast peningamarkaðsvíxlum Byrs sparisjóðs eru skuldaraáhætta, og áhætta sem tengist eftirmarkaði og lagalegu umhverfi.

Upplýsingar um útgefandann

Lög- og viðskiptaheiti útgefandans er Byr sparisjóður og kennitala hans er 610269-2229. Lögheimili og höfuðstöðvar útgefandans er Borgartún 18, 105 Reykjavík, Ísland. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Ísland. Sími útgefandans er 575-4000, heimasíða hans er www.byr.is og tölvupóstfang hans er byr@byr.is.

Stofndagur útgefanda er 11. nóvember 1961. Rekstrarform útgefanda er sparisjóður skv. VIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Útgefandi starfar jafnframt undir lögum nr. 161/2002.

Byr sparisjóður veitir alhliða fjármálaþjónustu, hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, þjónustu sem leitast er við að sníða að mismunandi aðstæðum og þörfum viðskiptavina. Skipurit Byrs samanstendur af stjórn, tveimur sparisjóðsstjórum, sex afkomusviðum (þ.m.t. dótturfélagið Allianz á Íslandi hf.) og tveimur stoðsviðum. Auk þess eru í skipuritinu þrjár deildir sem heyra undir stjórn og sparisjóðsstjóra: Innri endurskoðun, Mannauður og Áhættustýring og útlánaeftirlit. Á næstu síðu má sjá skipurit Byrs m.v 17. nóvember:



Saga og þróun sjóðsins

Byr sparisjóður varð til við samruna Sparisjóðs Vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar þann 1. desember 2006, sem samþykktur var af Fjármálaeftirlitinu 8. desember 2006. Á haustmánuðum 2007 sameinaðist Byr sparisjóður og Sparisjóður Kópavogs, en samruninn var staðfestur af Fjármálaeftirlitinu þann 14. nóvember 2007. Í desember 2007 samþykkti stofnfjáreigendafundur samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga, en sá samruni var samþykktur af Fjármálaeftirlitinu 19. mars 2008.

Áður hafði Sparisjóður Vélstjóra starfað frá árinu 1961 og Sparisjóður Hafnarfjarðar frá árinu 1902 (en hann á uppruna sinn í Sparisjóði Álftaneshrepps, sem stofnaður var árið 1875). Sparisjóður Kópavogs var stofnaður árið 1954. Sparisjóður Norðlendinga var stofnaður í júní 1997 með samruna Sparisjóðs Akureyrar- og Arnarneshrepps og Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps. Þeir sjóðir hafa starfað frá 1884 og 1908. Ljóst er því að Byr sparisjóður á rætur sínar í nokkrum af elstu fjármálastofnunum landsins.

Starfsvettvangur allra þessara sjóða var í upphafi að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í sínum heimabyggðum og uxu þeir allir samfara þeim. Í dag veitir Byr sparisjóður alhliða fjármálaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, stór og smá. Þjónustan nær allt frá almennri bankaþjónustu til verðbréfaþjónustu í gegnum Byr Verðbréf, en Byr sparisjóður tók yfir rekstur og starfsemi Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. þann 6. febrúar 2008.

Byr sparisjóður rekur í dag samtals 6 útibú, sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, auk einnar smærri afgreiðslu. Þá eru um 20 hraðbankar vítt og breitt á starfsvæði Byrs.

Upplýsingar um þróun

Upplýsingar um framtíðarhorfur

Undanfarnar hræringar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, fall viðskiptabankanna þriggja, erfiðleikar á gjaldeyrismarkaði og aðrar neikvæðar hliðarverkanir koma óhjákvæmlega til með að hafa áhrif á starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja og Byr sparisjóður er þar ekki undanskilinn.

Enn ríkir mikil óvissa um framvindu efnahagsmála og þau endanlegu áhrif sem ofangreindir atburðir koma til með að hafa á starfsumhverfi Byrs og því ómögulegt á þessari stundu að gera ítarlega úttekt á þeim breytingum sem verða á framtíðarhorfum sparisjóðsins.

Byr er þó vel í stakk búinn til þess að takast á við mikla erfiðleika á fjármálamarkaði. Eiginfjárstaða er traust sem og lausafjárstaða og fjármögnun er vel dreifð. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á mikilvægi sparisjóðanna og nýsamþykkt lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., gera stjórnvöldum kleift að auka eigið fé sparisjóða um allt að 20%.

Upplýsingar um þekkta þróun

Ljóst er að þeir atburðir sem greint er frá hér á undan koma til með að hafa neikvæð áhrif á niðurstöðu yfirstandandi fjárhagsárs.

Gera má ráð fyrir að auk endanlegra tapaðra krafna vegna aukningar á greiðsluþrotum viðskiptavina munu varúðarfærslur vegna mats á eignarhlutum í óskráðum félögum og virðisrýrnun krafna, vegna rýrnunar á verðgildi veðandlaga og/eða greiðsluhæfi viðskiptavina, verða auknar frá því sem áður var gert ráð fyrir.

Stjórn og helstu stjórnendur

Stjórn Byrs sparisjóðs m.v 17.nóvember 2008:

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður

Egill Ágústsson, varaformaður

Jóhanna Waagfjörð, ritari

Ágúst Már Ármann, meðstjórnandi

Jón Kristjánsson, meðstjórnandi

Til vara:

Jón kr. Sólves

Birgir Ómar Haraldsson

Helstu stjórnendur m.v 17.nóvember 2008:

Sparisjóðsstjórar:

Ragnar Zophonías Guðjónsson

Magnús Ægir Magnússon

Framkvæmdastjórar:

Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri Bankaþjónustu

Carl H. Erlingsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs

Ingólfur V. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Byr verðbréfa
Magnús Pálsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar og markaðsmála
Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs
Sigurjón Arnarsson, framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta
Sæmundur Benediktsson, framkvæmdastjóri S24

Innri endurskoðun:
Mjöll Flosadóttir

Regluvarsla:
Ólafur K. Ólafsson

Áhættu- og útlánaeftirlit:
Gunnar Árnason

Mannauður:
Herdís Pála Pálsdóttir

Allianz á Íslandi hf.:
Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri

Endurskoðandi:
Sigurður Jónsson, KPMG hf.

Stærstu stofnfjáreigendur

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir tuttugu stærstu stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs m.v 17. nóvember 2008:

Röð	Nöfn stofnfjáreigenda	Nafnverð í kr.	Eign í %
1	Imon ehf.	1.206.647.701	7,717%
2	Saxhóll ehf.	1.173.627.061	7,506%
3	Sund ehf.	909.245.570	5,815%
4	Kaupthing Lux	721.662.614	4,615%
5	Bygg invest ehf.	638.706.890	4,085%
6	Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l)	556.957.854	3,562%
7	Fjárfestingafélagið Klettur ehf.	527.786.435	3,375%
8	Fjárfestingafélagið Prímus ehf.	484.718.735	3,100%
9	Myllan-brauð ehf.	414.761.809	2,653%
10	Glitnir hf.	313.097.919	2,002%
11	Sólstafir ehf.	299.426.267	1,915%
12	Tæknisetur Arkea ehf.	242.255.150	1,549%
13	Fons Eignarhaldsfélag ehf.	211.114.487	1,350%
14	Glitnir Eignarhaldsfélag ehf.	207.475.442	1,327%
15	Hagar ehf.	207.475.442	1,327%
16	Skarðshyrna ehf.	151.114.487	0,966%
17	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	141.372.454	0,904%
18	Saga Capital fjárfestingarbanki hf.	120.187.613	0,769%
19	Helgi Vilhjálmsson	105.557.287	0,675%
20	Þórður Magnússon	105.557.287	0,675%
	Tuttugu stærstu samtals:	8.738.748.505	55,888%
	Aðrir stofnfjáreigendur samtals:	6.897.508.085	44,112%
	Heildarnafnverð stofnfjár:	15.636.256.590	100,00%

Fjárhagsupplýsingar

Í meðfylgjandi töflum eru lykiltölur úr ársreikningi Byrs 2006, 2007 og hálfársuppgjör 2008.

Rekstrarreikningur – í þúsundum króna	2008	2007	2007	2006
	1.1 – 30.06	1.1 - 30.06	1.1 – 31.12	1.1 – 31.12
Vaxtatekjur	15.862.105	5.037.102	12.995.985	8.219.221
Vaxtagjöld	<u>(11.433.167)</u>	<u>(4.184.631)</u>	<u>(10.292.694)</u>	<u>(6.431.484)</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>4.428.938</u>	<u>852.471</u>	<u>2.703.291</u>	<u>1.787.737</u>
Þjónustutekjur	701.627	417.335	842.127	847.941
Þjónustugjöld	<u>(161.014)</u>	<u>(104.142)</u>	<u>(288.381)</u>	<u>(169.769)</u>
Hreinar þjónustutekjur	<u>540.613</u>	<u>313.193</u>	<u>553.746</u>	<u>678.172</u>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	(4.196.452)	4.170.962	5.972.876	797.877
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага	135.752	1.290.115	363.805	2.130.886
Ýmsar rekstrartekjur	<u>16.048</u>	<u>61.166</u>	<u>4.291.192</u>	<u>106.910</u>
Aðrar rekstrartekjur samtals	<u>(4.044.652)</u>	<u>5.522.243</u>	<u>10.627.873</u>	<u>3.035.673</u>
Hreinar rekstrartekjur	924.899	6.687.907	13.884.910	5.501.582
Laun og launatengd gjöld	(1.127.829)	(565.677)	(1.453.621)	(1.155.056)
Annar rekstrarkostnaður	(1.002.230)	(725.783)	(1.940.083)	(993.173)
Afskriftir	<u>(38.213)</u>	<u>(37.167)</u>	<u>(60.807)</u>	<u>(64.511)</u>
Rekstrargjöld samtals	<u>(2.168.272)</u>	<u>(1.328.627)</u>	<u>(3.454.511)</u>	<u>(2.212.740)</u>
Virðisrýrnun útlána	<u>(1.776.708)</u>	<u>(155.433)</u>	<u>(816.763)</u>	<u>(89.153)</u>
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(3.020.081)	5.203.847	9.613.636	3.199.689
Tekjuskattur	<u>3.235.659</u>	<u>(861.360)</u>	<u>(1.684.521)</u>	<u>(523.391)</u>
Hagnaður fyrir tímabilið	<u>215.578</u>	<u>4.342.487</u>	<u>7.929.115</u>	<u>2.676.298</u>

	2008	2007	2006
Efnahagsreikningur – í þúsundum króna	30.06	31.12	31.12
Eignir			
Sjóður og óbundnar bankainnstæður	8.346.721	3.611.888	1.451.079
Kröfur á lánastofnanir	11.645.534	28.518.770	8.812.690
Lán og kröfur	154.431.514	117.737.319	72.988.464
Veltufjáreignir	4.449.926	5.238.999	5.179.754
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	30.016.633	14.345.443	5.647.430
Hlutdeildarfélög	3.708.860	3.072.921	7.418.574
Óefnislegar eignir	5.446.115	4.756.197	1.508.546
Rekstrarfjármunir	2.277.100	1.859.428	771.609
Fjárfestingareignir	2.329.391	1.429.426	165.250
Aðrar eignir	3.531.888	4.282.090	245.089
Eignir samtals	226.183.682	184.852.481	104.188.485
Skuldir			
Innlán frá fjármálaþyrirtækjum	27.562.648	10.827.527	8.335.902
Almenn innlán	93.526.507	70.102.064	46.837.836
Lántökur	53.614.726	41.540.666	30.020.742
Víkjandi lán	3.078.001	2.256.441	1.567.916
Lífeyrisskuldbinding	1.206.277	1.170.380	923.134
Skattskuld	431.710	3.477.117	1.609.640
Aðrar skuldir	1.460.110	2.281.341	945.461
Skuldir samtals	180.879.979	131.655.536	90.240.631
Eigið fé			
Stofnfé	34.044.519	27.287.009	231.377
Varasjóður	11.259.184	25.909.936	13.685.613
Eigið fé hluthafa	45.303.703	53.196.945	13.916.990
Hlutdeild minnihluta	0	0	30.864
Eigið fé samtals	45.303.703	53.196.945	13.947.854
Skuldir og eigið fé samtals	226.183.682	184.852.481	104.188.485

	2008	2007	2006
Samandregið sjóðstreymisfirlit – í þúsundum króna	1.1 – 30.6	1.1 – 31.12	1.1 – 31.12
Rekstrarhreyfingar	14.693.822	(24.925.691)	798.306
Fjárfestingarhreyfingar	(2.457.821)	(2.981.142)	(837.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(7.501.168)	26.157.813	(147.755)
Breyting á handbæru fé	4.734.833	(1.749.020)	(186.449)
Handbært fé í upphaf tímabils	3.611.888	8.206.169	5.002.603
Yfirtekið við samruna	0	73.944	3.210.015
Handbært fé í lok tímabils	8.346.721	6.351.093	8.026.169

Lykiltölur	30.06.08	2007	2006
Eiginfjárlutfall	23,5%	40,2%	14,3%
Arðsemi eiginfjár	1,0%	44,0%	18,0%
Vaxtamunur	2,9%	1,9%	2,5%
Afskriftir sem hlutfall af útlánum	2,4%	1,5%	1,0%
Meðalfjöldi stöðugilda	230	202	169
Innlánsaukning	33,1%	49,7%	18,6%
Útlánsaukning	31,8%	61,3%	25,2%

Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu Byrs

Atburðir undanfarinna vikna á innlendum fjármálamarkaði hafa óhjákvæmilega haft neikvæð áhrif á fjárhags – og viðskiptastöðu samstæðunnar. Ljóst er að lækkun á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, aukin verðbólguhraði og þrýstingur til lækkunar eignaverðs mun að óbreyttu auka framlag í virðisrýrnun útlána umfram það sem gert hafði verið áður fyrir.

Óvissa ríkir enn fremur um aðkomu Alþjóða Gjaldeyrissjóðsins og annarra hugsanlegra lánveitenda að því erfiða ástandi sem hér ríkir og þeirrar aðgerðaráætlunar sem fylgt yrði eftir í kjölfarið.

Þessi óvissa gerir allt mat á fjárhags- og viðskiptastöðu mun erfiðarar bæði hvað varðar mat á eignum og áætlanir um framtíðartekjur. Víst er þó að aukið atvinnuleysi, rýrmandi kaupmáttar, lækkun á eignaverði og aukinn fjármagnskostnaður munu hafa neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Upplýsingar um útgáfuna og töku bréfa til viðskipta

Stjórn Byrs tók á fundi þann 24. janúar 2008 ákvörðun um útgáfu peningamarkaðsvíxla að upphæð allt að 24.000.000.000 kr. Fjárhæðin skiptist á tólf flokka sem hver um sig verður að hámarki 2.000.000.000 kr að nafnvirði og verður hver nafnverðseining 5.000.000 kr. Nú þegar hafa fjórir víxlaflokkar verið teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og tekur því grunnlýsing þessi aðeins til þeirra átta flokka sem eftir eru.

Hér að neðan má sjá útboðsáætlun víxlaflokkanna átta sem falla undir grunnlýsinguna og helstu upplýsingar um víxlana:

Auðkenni	ISIN númer	Útgáfudagur	Gjalddagi	Einingar	Hámarksfjárhæð
BYR 08 1210	IS0000016962	10.06.2008	10.12.2008	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 08 0107	IS0000016970	07.07.2008	07.01.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0204	IS0000016988	04.08.2008	04.02.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0304	IS0000016996	04.09.2008	04.03.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0408	IS0000017002	08.10.2008	08.04.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0506	IS0000017010	06.11.2008	06.05.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0603	IS0000017028	03.12.2008	03.06.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0708	IS0000017036	08.01.2009	08.07.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr

Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Víxlarnir eru nafnbref. Óheimilt er að framselja víxil á handhafa. Víxlarnir eru útgefnir í íslenskum krónum (ISK).

Engar takmarkanir eru á endursölu víxlanna.

Byr sparisjóður ábyrgist endurgreiðslu víxlanna með tekjum sínum og eignum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum Byrs.

Verðbréfaskráning Íslands hf. heldur utan um skráningu eiganda bréfanna og hvert greiðslur skuli berast.

Byr sparisjóður hefur óskað eftir að víxlar sjóðsins verði teknir til viðskipta hjá OMX ICE. Ekki verður óskað eftir því að víxlar Byrs verði teknir til viðskipta í öðrum kauphöllum en OMX ICE.

Kostnaður við útgáfuna

Byr sparisjóður greiðir kostnað vegna rafrænnar skráningar víxlanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt gjaldi vegna úthlutun ISIN auðkenna. Ennfremur greiðir Byr fyrir að víxlarnir séu teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi. Annar kostnaður er óverulegur.

Stofnfé

Þann 17. nóvember sl. var heildarnafnverð stofnfjár Byrs sparisjóðs 15.636.256.590 kr.

Skjöl til sýnis

Meðan grunnlýsing þessi er í gildi er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Byrs sparisjóðs, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, og á heimasíðu sparisjóðsins www.byr.is

- Samþykktir Byrs sparisjóðs frá 9. apríl 2008
- Ársreikningur Byrs sparisjóðs fyrir árið 2006
- Árshlutauppgjör Byrs sparisjóðs fyrir fyrri helming ársins 2007
- Ársreikningur Byrs sparisjóðs fyrir árið 2007
- Árshlutauppgjör Byrs sparisjóðs fyrir fyrri helming ársins 2008
- Útgefandalýsing Byrs sparisjóðs, dagsett 17. nóvember 2008

1. Áhættuþættir

Hér að neðan eru taldir upp þeir áhættuþættir sem snerta Byr sparisjóð sem útgefanda. Að auki er að finna áhættuþætti er tengjast verðbréfum Byrs sem taka á til viðskipta. Verðbréfin eru peningamarkaðsvíxlar. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér þennan kafla vel.

1.1. Áhættuþættir tengdir útgefandanum

1.1.1. Rekstraráhætta

Rekstri fjármálafyrirtækja er settur rammi í lögum og reglugerðum. Fjármálafyrirtæki, þ.m.t. Byr sparisjóður, lúta eftirliti opinberra aðila, m.a. Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnis-
eftirlitsins. Rekstur fjármálafyrirtækis er áhættusamur að því leyti að oft eiga þau í viðskiptum með háar fjárhæðir sem geta, ef illa fer, bitnað harkalega á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þau geta þannig tapað fjármunum, orðið skaðabótaskyld og/eða misst starfsleyfi. Ýmislegt getur orðið til þess að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis, m.a. röng ráðgjöf, röng ákvarðanatataka, rangar greiningar, röng upplýsingagjöf, bilanir eða aðrir hnökrar á tæknibúnaði og uppsagnir lykilstarfsmanna.

Byr sparisjóður hefur keypt tryggingar í þeim tilgangi að takmarka almenna rekstraráhættu, sbr. nánari umfjöllun 1.1.11 þessa kafla.

1.1.2. Útlánaáhætta

Þar sem meginstarfsemi Byrs sparisjóðs undanfarin ár hefur falist í móttöku innlána og veitingu útlána er útlánaáhætta einn stærsti einstaki áhættuþátturinn í rekstri hans. Til þess að lágmarka þessa áhættu kannar Byr sparisjóður greiðslugetu og tryggingar lántakenda reglulega. Er þetta gert í samræmi við starfsreglur sem sparisjóðurinn hefur sett sér. Þetta tryggir ekki endurgreiðslu fjármuna og því getur það gerst að einhverjir viðskiptamenn standi ekki við skuldbindingar sínar og greiði ekki á réttum tíma og í sumum tilvikum greiða þeir alls ekki og tapar sparisjóðurinn þá kröfu sinni á hendur þessum aðila, að hluta eða öllu leyti.

Eins og áður greinir er fjárhagsleg staða hvers viðskiptavinar skoðuð og tryggingar hans lagðar til grundvallar viðskiptum. Sérstaklega er fylgst með skuldbindingum stærstu lánþega sparisjóðsins og er þá mið tekið af stórum áhættuskuldbindingum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Stjórn sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu sparisjóðsins. Stjórnin hefur einnig eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir að tillögu sparisjóðsstjóra.

Húsnæðislán er stór hluti af heildarútlánnum sparisjóðsins eða sem nemur 25,8% af heildarútlánnum m.v. 30. september 2008. Byr sparisjóður hefur á undanförunum misserum í samstarfi við Íbúðalánasjóð boðið húsnæðislán til allt að 40 ára, sem geta numið allt að 75% af markaðsverði eignar. Þessi lán bera nú 8,10-8,40% vexti. Með þessu móti getur sparisjóðurinn veitt meiri og betri þjónustu en ella og um leið er áhættu af útlánnum deilt með öðrum aðila og takmarkar það þar af leiðandi vaxtaáhættu af langtímahúsnæðislánnum. Flest langtímahúsnæðislán til einstaklinga eru með endurskoðunarákvæði vaxta eftir fimm ár frá útgáfu. Áhætta Byr sparisjóðs er því minni en ætla mætti í fyrstu m.v. aukningu á útlánamarkaði húsnæðislána til einstaklinga undanfarin misseri.

1.1.3. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármála fyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem skapast vegna óvissu í flæði framtíðartekna eða gjalda sem afleiðing af vaxtabreytingum, gengisbreytingum eða verðbreytingum á markaði. Markaðsáhætta samanstendur m.a. af vaxtaáhættu, gjaldeyrisáhættu og verðáhættu.

Vaxtaáhætta: Er sú áhætta sem fylgir breytingum á tekjum og gjöldum ef vextir undirliggjandi fjármálaafurða breytast á ákveðnu tímabili. Vextir á hverjum tíma hafa umtalsverð áhrif á afkomu Byrs sparisjóðs þar sem tekjur af eignum og gjöld af skuldum eru í flestum tilvikum tengd vöxtum viðkomandi efnahagsliða og fylgja vextirnir gjarnan almennu vaxtastigi. Vaxtamunur getur á sama hátt orðið til þess að afkoma sparisjóðsins getur sveiflast nokkuð m.a. ef ójafnvægi er á milli vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtahækkarnir og lækkarnir geta á sama hátt myndað ójafnvægi og áhættu. Til að takmarka vaxtaáhættu er leitast við að hafa sem best jafnvægi á milli fastra og breytilegra vaxtakjara í eigna- og skuldafni sparisjóðsins. Stefnt er að því að ná sem bestu jafnvægi milli binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Við mat á vaxtaáhættu skal bæði skoða langtíma- og skammtímavaxtanæmi sparisjóðsins gagnvart vaxtabreytingum. Verðtryggingaráhætta er hluti af vaxtaáhættu en misræmi milli verðtryggðra eigna og skulda eykur áhættu sparisjóðsins vegna verðlagsbreytinga.

Einn liður í lágmarkun vaxtaáhættu er að lágmarka fastvaxtaáhættu. Mælingar og eftirlit með fastvaxtaáhættu er unnið af áhættustýringu Byrs sparisjóðs. Stöðu mála eru gerð skil gagnvart eftirlitsaðilum með skýrslugjöf í lok hvers ársfjórðungs. Langtímaskuldabréf í eigu Byrs sparisjóðs eru að miklum meirihluta með endurskoðunarákvæði vaxtafótar á 3-5 ára fresti. Er það til samræmis við þá innlendu fjármögnun, á borð við verðtryggð innlán og verðtryggða skuldabréfaútgáfu, hjá Byr sparisjóði. Fastvaxtaáhætta hjá Byr sparisjóði hefur ávallt verið innan þeirra marka sem sett eru af eftirlitsaðilum og hefur staðist álagspróf í þeim efnum.

Gjaldeyrisáhætta: Er sú áhætta sem til staðar er vegna mögulegra sveiflna á gengi gjaldmiðla. Byr sparisjóður á viðskipti við erlenda aðila auk þess að eiga viðskipti við innlenda aðila þar sem viðskiptin eru í erlendri mynt. Vegna þessa er sparisjóðurinn háður gengisskráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hefur gengi krónunnar því bein áhrif á rekstur sparisjóðsins og einnig á afkomuna ef ekki er jafnvægi milli gengisbundinna eigna og skulda. Seðlabanki Íslands setur reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og er gjaldeyrisjöfnuður sparisjóðsins á hverjum tíma innan þessara marka.

Verðáhætta: Verðáhætta verðbréfa tengist gengi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfa-markaði. Hlutabréfaverð er sveiflukennt og helstu áhrifaþættir þess eru í raun framboð og eftirspurn á hverjum tíma. Þeir þættir breytast í takt við aðstæður í hagkerfinu ásamt því að fylgja breytingum á vaxtastigi hverju sinni. Ein leið til að minnka áhættu í hlutabréfasafni er að dreifa áhættunni með því að fjárfesta í mismunandi tegundum verðbréfa til að minnka sveiflur eignasafnsins. Byr sparisjóður stýrir áhættu af hlutabréfasafni sínu með vönduðu samvali og stöðugri vöktun á safninu. Áhættustýring vegna skuldabréfa er hliðstæð áhættustýringu vegna hlutabréfa, þ.e. með réttu samvali bréfa og stöðugri vöktun.

1.1.4. Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Tryggja þarf að Byr sparisjóður eigi ávallt nægilegt laust fé til þess að mæta jafnt fyrirséðum sem ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Til að mæta slíkum greiðsluskuldbindingum hefur

sparisjóðurinn lánalínur ásamt því að eiga auðseljanleg verðbréf eins og ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf.

Sparisjóðsstjórar móta stefnu í lausafjárstýringu, hafa eftirlit með lausafjárstöðu og eru ráðgefandi um eigna- og skuldasetningu bankans. Markmið er að lágmarka sveiflur í lausafjárstöðu og tryggja að bankinn hafi ávallt nægjanlegt aðgengi að fjármagni til að mæta ústreymi vegna skuldbindinga næsta mánaðar. Fjárstýring annast lausafjárstýringu bankans og metur áætlað greiðsluflæði fram í tímann í samvinnu við sparisjóðsstjóra. Lausafjárhlutfall Byrs sparisjóðs þann 30. september 2008 var 2,087 yfir nóttina (ON) - 1 mánuð, 2,486 í 1 - 3 mánuði, 13,579 í 3 - 6 mánuði og 0,850 í 6 - 12 mánuði eins og það er reiknað með því að taka tillit til eigna og skulda í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands nr. 317/2006 um lausafjárhlutfall.

Eiginfjárhlutfall Byrs sparisjóðs hefur áhrif á möguleika hans til fjármögnunar. Ef eiginfjárhlutfall lækkar getur það haft neikvæð áhrif á fjármögnunarmöguleika sparisjóðsins. Eiginfjárhlutfall Byrs sparisjóðs er reiknað skv. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hinn 30. september 2008 var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 24,29% og þar af var eiginfjárbáttur A 43,5 ma.kr. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

1.1.5. Samkeppnisáhætta

Samkeppni hefur aukist talsvert á fjármálamarkaði síðustu ár og útlit er fyrir að samkeppni eigi enn eftir að aukast mikið með tilkomu nýrra fjárfestingabanka og fjárfestingasjóða. Í dag eru helstu keppinautar Byrs sparisjóðs stóru viðskiptabankarnir þrír, þ.e. Nýi Kaupþing banki hf., Nýi Glitnir banki hf., Nýi Landsbanki Íslands hf., og aðrir sparisjóðir.

1.1.6. Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins og árangur í rekstri hans byggist að stórum hluta á þekkingu starfsmanna hans og stjórnenda og er því veruleg áhætta fólgin í því ef lykilstarfsmenn hverfa úr starfi til annarra fyrirtækja.

Til að draga úr starfsmannaáhættu viðheldur Byr sparisjóður starfsmannastefnu sem er sniðin að því að halda ávallt hæfasta fólki í starfi.

1.1.7. Lagaleg áhætta

Fjármálamarkaðurinn er háður lögum og reglum opinberra aðila auk þess sem hafa verður í huga að ýmsar sérreglur gilda um starfsemi sparisjóða. Allar breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði geta þannig haft áhrif á rekstur sparisjóðsins. Byr sparisjóður hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Nýjar lagasetningar og túlkanir framkvæmda- og eftirlitsaðila á gildandi lögum og reglum sem í gildi eru um fjármálastarfsemi kunna að hafa áhrif á rekstur sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum á markaðnum og leiðbeinandi tilmæli, ákvarðanir og túlkanir stofnunarinnar geta haft áhrif á rekstur sparisjóðsins.

1.1.8. Dómsmál og gerðadómsmál

Byr sparisjóður á ekki í öðrum málaferlum en þeim sem tengjast hefðbundinni innheimtu þar sem sparisjóðurinn er kröfuhafi.

1.1.9. Upplýsingaáhætta

Traustur rekstur fjármálafyrirtækis byggist á góðum upplýsingakerfum. Áhætta í rekstri þeirra getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum í kerfum, rangri notkun þeirra, aðgangsheimildum og öryggismálum. Dregið er úr upplýsingaáhöttu með skipulögðum kerfisprófunum og óháðum afritatökum auk þess sem starfrækt er varakerfi. Starfsemi Byrs sparisjóðs er talsvert háð upplýsingakerfum þriðja aðila, einkum Teris, og Reiknistofu bankanna. Komi til þess að kerfin bili, eitt eða fleiri, getur slíkt leitt til verulegs tjóns fyrir sparisjóðinn.

1.1.10. Áhættumat og áhættustýring

Áhættureglur og ferlar Byrs sparisjóðs tryggja að áhætta í rekstri hans er bæði þekkt og mæld og að eftirlit er haft með áhættunni. Áhættunni er stýrt á þann hátt að hún sé innan þeirra marka sem sparisjóðurinn hefur sett sér og samræmist kröfum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Sparisjóðurinn setur sér stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða sem hafa áhrif á bæði eigið fé sparisjóðsins og afkomu séu bæði takmarkaðar og viðráðanlegar.

Sparisjóðsstjórn ber ábyrgð á stefnumótun sparisjóðsins varðandi áhættu og sér til þess að hún falli að stefnu sparisjóðsins, reynslu stjórnenda, eiginfjárlutfalli og áhættusækni sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórnar bera ábyrgð á daglegri stjórnun gagnvart stjórn og stýra áhættu sparisjóðsins í gegnum skipulag hans. Auk þess bera forstöðumenn ábyrgð á starfsemi hvers sviðs gagnvart sparisjóðsstjórum og að áhættan sé í samræmi við starfsreglur sparisjóðsins.

1.1.11. Tryggingar og ábyrgðir

Mikilvægt er að sparisjóðurinn sé eins vel tryggður gegn mögulegum áföllum og hægt er og er því nauðsynlegt að huga vel að váttryggingum og váttryggingaskilmálum. Byr sparisjóður er með eftirfarandi tryggingar:

- Atvinnurekstrartrygging en undir hana falla ökutækjatrýgging, slysatrygging launþega, húseigendatrýgging, brunatrýgging, vatns og innbrotstrygging fyrir lausafé og húseignir, og skaðatrýgging á lausafé.

Þá eru sparisjóðirnir í landinu með sameiginlegar tryggingar í eftirfarandi tilvikum:

- „Bankers Comprehensive Crime and Professional Indemnity“ sem nær til misferla starfsmanna, tjóns vegna sviksamlegs athæfis starfsmanna varðandi tölvuvinnslu og ábyrgð vegna skaðabóta sem sparisjóðurinn þarf að greiða vegna þess að hann rækti ekki skyldur sem hann hafði tekið á sig gagnvart viðskiptaaðila sínum.
- „Directors and Officers Liability“ sem nær yfir skaðabætur sem yfirmönnum sparisjóðsins er gert að greiða vegna vanrækslu stjórnar á eftirlitsskyldum sínum.

1.2. Áhættuþættir tengdir verðbréfunum

1.2.1. Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Byr sparisjóður ábyrgist endurgreiðslu peningamarkaðsvíxlanna á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu víxlanna eru jafnréttáar. Krafa á hendur Byrs til endurgreiðslu víxlanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur Byrs.

1.2.2. Eftirmarkaður

Byr sparisjóður mun óska eftir því að víxlarnir verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (NASDAQ OMX Iceland hf.). Byr sparisjóður er ekki skyldugur til að tryggja að eftirmarkaður verði til staðar. Markaðsverð og seljanleiki víxlanna getur breyst eftir markaðsaðstæðum og getur markaðsverð þeirra lækkað frá því verði sem kaupandi greiddi fyrir víxlana.

1.2.3. Lagalegt umhverfi

Um peningamarkaðsvíxlana gilda íslensk lög sem geta tekið breytingum eftir útgáfu grunnlýsingar þessarar. Byr sparisjóði er ekki kunnugt um slíkar breytingar. Ekki er hægt að segja til um hvaða áhrif lagabreytingar gætu haft á verðgildi peningamarkaðsvíxlanna og útgefanda þeirra.

2. Ábyrgir aðilar

2.1. Útgefandi

Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

2.2. Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og sparisjóðsstjórar fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 17. nóvember 2008

F. h Byrs sparisjóðs

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður
Kt: 240969-3439
Deildarási 15, 110 Reykjavík

Ragnar Zophonías Guðjónsson, sparisjóðsstjóri
Kt: 300470-3279
Lækjarbergi 19, 221 Hafnarfirði

Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri
Kt: 211256-7889
Staðarhvammi 9, 220 Hafnarfirði

3. Löggiltir Endurskoðendur

Ársreikningur Byrs sparísjóðs fyrir árið 2006 var endurskoðaður af PriceWaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík, og Þóri Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, Hálsaseli 33, Reykjavík, og Jóni H. Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, Garðhúsum 39, 112 Reykjavík, fyrir hönd PriceWaterhouseCoopers hf. Þórir og Jón eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Fyrir sameiningu Sparísjóðs Hafnarfjarðar og Sparísjóðs Vélstjóra í Byr sparísjóð var PriceWaterhouseCoopers hf endurskoðandi sparísjóðs Vélstjóra.

Árshlutauppgjör fyrir fyrri helming ársins 2007 var endurskoðað af KPMG hf., Borgartúni 27, Reykjavík, og Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda, Þrúðvangi 6, Hafnarfirði. Sigurður er félagi í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Ársreikningur Byrs sparísjóðs fyrir árið 2007 var endurskoðaður og árshlutauppgjör fyrir fyrri helming ársins 2008 var kannað af KPMG hf., Borgartúni 27, Reykjavík, og Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda, Þrúðvangi 6, Hafnarfirði, og Ólafi Má Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, Hjálmakri 2, 210 Garðabæ, fyrir hönd KPMG hf. Sigurður og Ólafur Már eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Upplýsingar varðandi húsnæðislán, lausafjár - og eiginfjárlutfall Byrs m.v. 30. september 2008 voru fengnar frá fjármálasviði Byrs sparísjóðs og hafa hvorki verið endurskoðaðar né kannaðar.

4. Tilkynning til fjárfesta

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku peningamarkaðsvíxla Byrs sparísjóðs, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum skv. XI. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingu, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerningar í NASDAQ OMX Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í peningamarkaðsvíxlum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum hvers víxlaflokks sem verða útgefnir af Byr sparísjóði.

Útgáfa og taka peningamarkaðsvíxla Byrs sparísjóðs til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

NASDAQ OMX Iceland hf. hefur yfirfarið og staðfest grunnlýsingu þessa fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins.

Grunnlýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudegi.

Skammstöfunin „OMX ICE“ í þessari grunnlýsingu skal túlkuð sem tilvísun í NASDAQ OMX Iceland hf. Á sama máta eru skammstafirnar „Byr“ og „sjóðurinn“ vísanir í Byr

sparisjóð. Þar að auki skal vísun í „víxla“, „víxlaflokkur“ og „peningamarkaðsvíxlar“ vera túlkuð eingöngu sem víxlar Byrs sem tilgreindir eru í útboðsáætluninni í kafla 7.2.

Peningamarkaðsvíxlar Byrs hafa verið teknir til viðskipta á aðalmarkaði OMX ICE undir útgefandaauðkenninu BYR. Byr sparisjóður fylgir reglum OMX ICE fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Ekki skal dreifa upplýsingum beint eða óbeint, og er þá átt við faxsendingar, tölvupóst, símtöl og vefsíður, úr grunnlýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af grunnlýsingunni. Einnig skal ekki senda í pósti til landa þar sem slíkt myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða stangast á við lög eða reglur þess lands sem í hlut á.

Fjárfesting í víxlum er óhjákvæmilega áhættusömu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel efni þessarar grunnlýsingar. Fjárfestum er bent á að fylgjast með öllum upplýsingum sem birtar eru opinberlega um Byr frá og með útgáfudegi grunnlýsingarinnar.

5. Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi gögn eru felld inn í þessa grunnlýsingu með tilvísun og mynda hluta af þessari grunnlýsingu:

- Útgefandalýsing Byrs sparisjóðs, dagsett 17. nóvember 2008

Útgefandalýsinguna má finna á heimasíðu Byrs sparisjóðs, www.byr.is, og í höfuðstöðvum Byrs, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

6. Hagsmunir útgefanda

Byr sparisjóður, sem er útgefandi, annast bæði útgáfu og sölu víxlanna. Byr hefur einnig umsjón með töku víxlanna til viðskipta í OMX ICE. Markmið útgáfunnar er að skapa Byr aukið svigrúm og aukna möguleika til útlána. Þannig hefur Byr, sem útgefandi og umsjónaraðili, hagsmuni af útgáfu og sölu víxlanna.

7. Upplýsingar um verðbréfin

7.1. Heildarupphæð

Stjórn Byrs tók á fundi þann 24. janúar 2008 ákvörðun um útgáfu peningamarkaðsvíxla að upphæð allt að 24.000.000.000 kr. Fjárhæðin skiptist á tólf flokka sem hver um sig verður að hámarki 2.000.000.000 kr að nafnvirði og verður hver nafnverðseining 5.000.000 kr. Útgefnað verða 1.500.000.000 kr í hverjum flokki fyrir sig. Nú þegar hafa fjórir víxlaflokkar verið teknir til viðskipta hjá OMX ICE og tekur því grunnlýsing þessi aðeins til þeirra átta flokka sem eftir eru.

Víxlarnir hafa verið seldir í frumsölu til Sparibréfa ehf., kt.440598-3159, Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfirði. Sparibréf ehf kaupir víxlana af Byr sparisjóði gegn staðgreiðslu í lokuðu útboði. Keyptar voru 300 nafnverðseiningar í hverjum flokki sem samsvarar 1.500.000.000 kr fyrir hvern flokk. Þar sem útgáfudagar víxlaflokkanna BYR 09 0603 og BYR 09 0708 hafa

ekki gengið í garð við dagsetningu grunnlýsingar þessarar, þá hefur frumsala ekki átt sér stað í þeim flokkum.

7.2. Lýsing á verðbréfunum

OMX ICE hefur nú þegar tekið til viðskipta fjóra víxlaflokka af þeim tólf sem samþykktir voru. Auðkenni þeirra flokka eru BYR 08 0806, BYR 08 0903, BYR 08 1008 og BYR 08 1105. Allir þessir flokkar hafa þegar náð gjalddaga.

Í töflu 1 má sjá útboðsáætlun víxlaflokkanna átta sem falla undir grunnlýsingu þessa. Í töflunni koma fram auðkenni, ISIN númer, útgáfudagur, gjalddagur, einingar og hámarksfjárhæð hvers víxlaflokks, sem fyrirhugað er að óska eftir að teknir verði til viðskipta í OMX ICE.

Auðkenni	ISIN númer	Útgáfudagur	Gjalddagi	Einingar	Hámarksfjárhæð
BYR 08 1210	IS0000016962	10.06.2008	10.12.2008	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0107	IS0000016970	07.07.2008	07.01.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0204	IS0000016988	04.08.2008	04.02.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0304	IS0000016996	04.09.2008	04.03.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0408	IS0000017002	08.10.2008	08.04.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0506	IS0000017010	06.11.2008	06.05.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0603	IS0000017028	03.12.2008	03.06.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr
BYR 09 0708	IS0000017036	08.01.2009	08.07.2009	5.000.000 kr	2.000.000.000 kr

Tafla 1: Útboðsáætlun víxla Byrs sparisjóðs

Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Víxlarnir eru nafnbref. Óheimilt er að framselja víxil á handhafa.

Engar takmarkanir eru á endursölu víxlanna.

7.3. Tegund verðbréfa

Víxlarnir eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. (Icelandic Securities Depository), Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Einungis er heimilt að framselja víxlana til nafngreinds aðila og skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/197 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal víxlanna. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Víxlarnir eru auðkenndir í kerfum Verðbréfaskráningar Íslands hf. og OMX ICE með útgefandaauðkenninu BYR. Engar hömlur eru á framsali víxlanna.

7.4. Löggjöf

Um víxlana gilda íslensk lög. Rísi mál út af víxlum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. Kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt 70 gr. laganna fyrnast kröfur á hendur útgefanda og framseljanda á þremur árum frá gjalddaga víxils.

Skattaleg meðferð víxlanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Byr sparisjóður ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi víxlanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi samkvæmt kafla XV. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Rafræn eignaskráning á víxlunum fer eftir lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997.

7.5. Gjaldmiðill

Víxlarnir eru útgefnir í íslenskum krónum (ISK).

7.6. Vextir

Víxlarnir eru án vaxta.

7.7. Ávöxtun

Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ákvöxtunarkröfu til lokagjalddaga víxlanna er hægt að nálgast í höfuðstöðvum Byrs, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

Útreikninga á ávöxtunarkröfunni má sjá hér að neðan:

Söludagur:	[dd.mm.yyyy]
Gjalddagi:	[dd.mm.yyyy]
Dagafjöldi:	[•]
REIBOR:	[•]
Fyrirtækjaálag:	[•]
Vextir:	[•]
Verð:	$100/(1 + [\text{vextir}] * [\text{dagafjöldi}]/360)$
Ávöxtun á söludegi:	$([\text{verð}]/100)^{-1/[\text{dagafjöldi}]/360}$

7.8. Forgangsröðun verðbréfa

Byr sparisjóður ábyrgist endurgreiðslu víxlanna með tekjum sínum og eignum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum Byrs.

7.9. Skráning

Verðbréfaskráning Íslands hf. heldur utan um skráningu eiganda bréfanna og hvert greiðslur skuli berast.

7.10. Réttindi tengd verðbréfunum

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum Byrs.

7.11. Viðskiptavakt

Byr sparisjóður, Borgartúni 18, 105 Reykjavík mun verða viðskiptavaki víxlanna í OMX ICE. Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að setja fram daglega kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi OMX ICE að lágmarki 100 m.kr. að markaðsvirði fyrir hvern flokk og endurnýja tekin tilboð innan 10 mínútna. Hafi heildarfjárhæð viðskipta með hvern flokk fyrir sig numið meiru en 200 m.kr. að markaðsvirði samtals yfir daginn áskilur Byr sér rétt til að hætta framsetningu tilboða til næsta virka dags. Verðmunur á kaup- og sölutilboðum skal ekki vera meiri en 0,10%. Viðskiptavakt þessari verður sagt upp með minnst mánaðar fyrirvara.

7.12. Gjald dagar og greiðslur

Byr sparisjóður mun með milligöngu Verðbréfasráningar Íslands hf. greiða andvirði peningamarkaðsvíxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikning eigenda. Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda peningamarkaðsvíxils, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til Byrs til að fá greiðslu.

Verði greiðslu ekki vitjað hjá sparisjóðnum á réttum gjalddaga mun sparisjóðurinn hvorki greiða vexti né dráttarvexti frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði hins vegar um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

8. Fyrirkomulag og taka verðbréfa til viðskipta

8.1. Kostnaður við fyrirhugaða töku til viðskipta

Byr sparisjóður greiðir kostnað vegna rafrænnar skráningar víxlanna hjá Verðbréfasráningu Íslands ásamt gjaldi vegna úthlutun ISIN auðkenna. Ennfremur greiðir Byr fyrir að víxlarnir séu teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi. Annar kostnaður er óverulegur.

8.2. Umsókn um töku víxla til viðskipta

Byr sparisjóður mun óska eftir að víxlar sjóðsins verði teknir til viðskipta hjá OMX ICE. Útgáfa einstakra víxlaflokka verður tilkynnt OMX ICE hverju sinni.

Ekki verður óskað eftir því að víxlar Byrs verði teknir til viðskipta í öðrum kauphöllum en OMX ICE.

9. Endanlegir skilmálar

Byr sparisjóður

Útgáfa	ISK[.]	BYR[.]
--------	--------	--------

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 17. nóvember 2008, skv. XI og V. Viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: www.byr.is

- | | |
|-------------------------------|--|
| 1. Útgefandi: | Byr sparisjóður
Kt.610269-2229
Borgartún 18, 105 Reykjavík |
| 2. (i) Auðkenni: | [.] |
| (ii) ISIN-númer: | [.] |
| 3. Tilgreind mynt: | ISK |
| 4. Þegar útgefið og selt: | ISK [.] |
| Hámarksfjárhæð flokks: | ISK 2.000.000.000 |
| 5. Ávöxtunarkrafa á söludegi: | Ávöxtunarkrafa dags.[.] var [.] og
sölugengi [.] |
| 6. Dagaregla: | Actual/360 |
| 7. Nafnverðseiningar: | ISK 5.000.000 |
| 8. Útgáfudagur: | [.] |
| 9. Gjaldldagi: | [.] |
| 10. Taka til viðskipta: | Víxlarnir verða teknir til
viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf.
þann [.] |
| 11. Söluaðili: | Byr sparisjóður |
| 12. Verðbréfamiðstöð: | Verðbréfaskráning Ísland hf., Laugavegi
182, Reykjavík |

Byr sparisjóður greiðir kostnað sem nemur um ISK [•] vegna rafrænnar skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt gjaldi að upphæð ISK [•] vegna ISIN auðkenna. Ennfremur greiðir Byr ISK [•] fyrir að víxlarnir séu teknir til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur ISK [•] og [•%] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Annar kostnaður er að upphæð ISK [•].

Heildarkostnaðurinn er ISK [•]. Að frádregnum kostnaði er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK [•]

Ábyrgð

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [•]:

sem hefur til þess fullt umboð